



Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2021

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um pósthjónustu og Byggðastofnun (flutningur póstmála) 534. mál.

Neytendasamtökin vísa í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis dags 23. febrúar sl. þar sem samtökunum var gefinn kostur á að skila inn umsögn um framangreint frumvarp.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að meginmarkmið þess sé fyrst og fremst að færa stjórnsýslu og eftirlit með pósthjónustu yfir til Byggðastofnunar án efnislegra breytinga.

Neytendasamtökin gera ekki athugasemdir við tilfærsluna sjálfa en leggja mikla áherslu á að raunverulega verði virkt eftirlit með pósthjónustunni. Í ljósi sögu ofpenslu og óráðsúu Íslandspósts undanfarin misseri, sem staðfest var með hundruða milljóna hagræðingargetu fyrirtækisins, er mikilvægt að eftirlit með fyrirtækinu sé strangt og árangursríkt.

Það er reyndar áhugavert að eini pósturinn hvar ekki var hægt að hagræða hjá Íslandspósti var við móttöku erlendra pakkasendinga. Í það minnsta sjá neytendur því ekki staði í lægri gjaldheimtu svokallaðra endastöðvagjalda. Í því samhengi benda samtökin enn og aftur á órókrétta og að mati samtakanna óheimila gjaldtöku Póstsins með endastöðvagjöldum á pakkasendingar innan Evrópu. Vekja samtökin athygli á að í þinglegri meðferð árið 2019 var unnið og samþykkt með það fyrir augum að koma til móts við kostnað vegna pakkasendinga frá Asíu og var skilgreining Kína sem þróunarland sérstaklega tiltekið, en hefur verið lagt á allar sendingar sem koma til landsins, óháð hvaðan þær koma. Hvergi kom fram í meðförum þingsins að tap væri á öðrum sendingum en þeim sem kæmu frá Asíu.

Að mati Neytendasamtakanna er erfitt að sjá ef tekið er mið af jafnræðissjónarmiðum að móttakendur pakka frá öðrum löndum, séu látnir greiða niður sendingar frá Asíu. Segja má að með þessu sé Íslandspóstur að „okra“ á móttakendum pakka frá öðrum löndum til að niðurgreiða móttöku pakka frá Asíu.

Virðingarfyllst,

Breki Karlsson, formaður